um rannsókn á náttúruauði landsins.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Rannveig Þorsteinsdóttir, Jón Gíslason, Ásgeir Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera sem gleggst yfirlit um þær athuganir, sem gerðar hafa verið á náttúruauði landsins, og að láta fram fara að nýju víðtæka rannsókn á þeim náttúruauði, sem ætla má, að mikilvægur sé fyrir efnahagsafkomu þjóðarinnar, að svo miklu leyti sem fyrri rannsóknir eru ófullnægjandi. Skal við það miðað að leiða í ljós, hvort vinnsla jarðefna sé hagkvæm, hver af náttúruauðæfum landsins geti orðið undirstaða nýrra iðngreina og hvar nýjar iðnaðarstöðvar verði bezt settar.

Greinargerð.

Tillaga þessi felur í sér ákvæði um það, að ríkisstjórnin láti gera glöggt yfirlit um athuganir þær, sem fram hafa farið á náttúruauði landsins, og láti enn fremur framkvæma nýjar rannsóknir á náttúruauðæfum, sem ætla má, að séu mikilvæg fyrir efnahagsafkomu þjóðarinnar, en hafa ekki verið rannsökuð til hlítar.

Mannfjöldi eykst hér á landi með ári hverju. Síðustu árin hefur árleg mannfjölgun numið tuttugu af hverju þúsundi landsmanna. Af því leiðir, að atvinnuvegir þjóðarinnar þurfa að eflast og verða æ fjölbreyttari til þess að veita sem flestum landsmönnum aðstöðu til hagnýtra starfa. Fjölþættu atvinnulífi fylgir og aukið öryggi um afkomu þjóðarinnar.

Ísland er auðugt af orku. Í fallvötnum landsins og jarðhita eru mikil verðmæti fólgin. Orkan er undirstaða iðnaðar. Og enn er ekki að fullu rannsakað, að hve miklu leyti eru hér á landi verðmæt efni í jörðu, sem hagkvæmt sé að vinna. Með aukinni tækni og þekkingu getur verið mögulegt að hagnýta náttúruauðæfi, sem hafa verið ónotuð til þessa.

Nú er verið að reisa þrjú stór fyrirtæki, er kosta mikið fé, þ. e. virkjanir við Sog og Laxá og áburðarverksmiðju. Vonir standa til, að þeim framkvæmdum verði lokið innan skamms. Enn fremur hefur verið ákveðið að reisa sementsverksmiðju á næstu árum, og hefur henni þegar verið valinn staður.

Ákveða verður, hvaða stórframkvæmdir skuli sitja í fyrirrúmi, eftir að þeim verkefnum lýkur, sem nú eru á döfinni. En úrskurð um það þarf að grundvalla á rannsóknum á því, hverju völ er á og með hvaða hætti verðmæti þau, sem fólgin eru í landinu, verði bezt hagnýtt.

Að undanförnu hafa verið gerðar nokkrar athuganir á náttúruauði landsins, en ekki er fyrir hendi heildaryfirlit um niðurstöðu þeirra rannsókna. Hér er lagt til að fela ríkisstjórninni að láta gera slíkt yfirlit og að hafizt verði handa um víðtækari rannsóknir en þegar hafa verið gerðar á náttúruauðæfum með það fyrir augum, að þær verði undirstaða nýrra framkvæmda í landinu til eflingar íslenzku atvinnulífi.

Auk verkefna í sambandi við vatnsafl og jarðhita má nefna sem dæmi: Nauðsyn ber til að gera sér fulla grein fyrir því, hve mikil verðmæti eru fólgin í brennisteinsnámum og kolalögum, sem fundizt hafa. Rannsóknum á framleiðslu innlendra fóðurefna, svo sem heymjöls, er skammt á veg komið. Það mun ekki vera að fullu rannsakað, hvort hér á landi eru skilyrði til efnavinnslu úr þaragróðri eða vinnslu salts og fleiri efna úr sjó, og enn fremur, hvort hægt er að framleiða fjölbreytta muni úr íslenzkum leir. Með þeirri efnavinnslu, er fram fer í áburðarverksmiðjunni, þegar hún tekur til starfa, munu skapast skilyrði til þess að koma á fót ýmiss konar efnaiðnaði.

Það er tímabært, að þessi mál verði tekin til rækilegrar athugunar að tilhlutun ríkisvaldsins. Í þeim tilgangi er tillaga þessi flutt.